



Til innkaupanefndar.

Kópavogi, 19. mars 2026
2508196/001.02 SSF

Efni: Niðurstaða kærunefndar útboðsmála vegna kæru Stjörnugarða ehf.

Þann 13. mars sl. kvað kærunefnd útboðsmála upp úrskurð í máli nr. 40/2025: Stjörnugarðar ehf. gegn Kópavogsbæ og Óskataki ehf. Kærunefnd hafnaði öllum kröfum kæranda í málinu.

Um er að ræða kæru vegna útboðs Kópavogsbæjar auðkennt: *Vatnsendavegur – Gatnagerð, stígar og undirgöng* nr. 25042774. Kópavogsbær hafði hafnað tilboði kæranda og valið tilboð Óskataks ehf. sem átti næstlægsta tilboðið. Með tilboði kæranda fylgdu ekki fullnægjandi gögn um fjárhagslegt hæfi kæranda og laut ágreiningur aðila að því.

Kröfur kæranda voru þær að kærunefnd veitti álit sitt á skaðabótaskyldu Kópavogsbæjar þar sem lægsta tilboð hans hefði ekki verið valið.

Kærunefnd taldi töluverða annmarka hafa verið á tilboði kæranda í hinu kærða útboði og að Kópavogsbæ hafi því verið heimilt að hafna tilboðinu. Ákvörðun Kópavogsbæjar hefði hvorki brotið í bága við lög nr. 120/2016 né útboðsgögn. Jafnframt að kærandi hefði ekki átt raunhæfa möguleika til að verða valinn af Kópavogsbæ í ljósi annmarka á tilboði hans.

{Undirritað rafrænt}
Steinn S. Finnbogason
Yfirlögfræðingur

Meðfylgjandi:
Úrskurður í máli 40/2025.

